



Mýrdalshreppur

AUSTURHLUTINN Í VÍK

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

Desember 2024

GREINARGERÐ MEÐ DEILISKIPULAGI



LANDMÓTUN®



Margrét Ólafsdóttir, Eyrún Pétursdóttir og Kristín Una Sigurðardóttir

Hamraborg 12, 200 Kópavogi - www.landmotun.is
sími 575 5300 - netf: landmotun@landmotun.is





Austurhlutinn í Vík -tillaga að deiliskipulagi

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

var samþykkt í _____ þann _____ 20__ og

í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__ .

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__ .

Greinargerð þessari fylgir deiliskipulagsuppráttur í mkv. 1:1500 dagsettur 11.12. 2024



EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	6
1.1	Afmörkun og aðkoma	6
1.2	Viðfangsefni, markmið og skipulagsgögn	7
2	FORSENDUR	7
2.1	Íbúabróun	7
2.2	Staðhættir og veðurfar	7
2.3	Minjar	7
2.4	Náttúruvá	8
2.5	Náttúrufar	8
2.6	Jarðvegur	8
2.7	Tengsl við aðrar áætlanir	8
2.7.1	Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033	8
2.7.2	Deiliskipulag á aðliggjandi svæðum	10
2.7.3	Reglugerðir	10
3	DEILISKIPULAG	11
3.1	Lóðir	11
3.1.1	Verslunar- og þjónustulóðir	11
3.1.2	Miðsvæði	11
3.1.3	Athafnalóðir	11
3.1.4	Iðnaðarlóðir	11
3.2	Byggingarreitir	12
3.2.1	Byggingarreitur B1 fyrir byggingar	13
3.2.2	Byggingarreitur B2 fyrir veitumannvirki	13
3.2.3	Byggingarreitur B3 fyrir eldsneytisbúnað	13
3.2.4	Byggingarreitur B4 fyrir hraðhleðslustöðvar	13
3.3	Lóðafrágangur og gróður	13
3.4	Göngustígar / gangstéttir	13
3.5	Hjólastígar	13
3.6	Reiðhjólstaði	13
3.7	Bílastaði	13
3.8	Sorp	14



3.9	Skilti	14
3.10	Sérskilmálar	14
4	UMHVERFISÁHRIF	14
5	SAMRÁÐ OG KYNNING.....	15
6	HEIMILDASKRÁ.....	16
Mynd 1	Mannfjöldi í Vík frá 1. janúar 1998 - 1 janúar 2024	7
Mynd 2.	Vindrós fyrir Vík í Mýrdal, (Veðurstofa Íslands 2024).....	7
Mynd 3	Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033 - hluti þéttbýlisuppráttar sem sýnir deiliskipulagssvæðið	8
Tafla 1	Verslunar- og þjónustusvæði VP10 í Vík, úr gildandi aðalskipulagi Mýrdalshrepps.....	9
Tafla 2.	Miðsvæði M6 og M7 í Vík, úr gildandi aðalskipulagi Mýrdalshrepps.....	9
Tafla 3	. Iðnaðarsvæði I2 í Vík, úr gildandi aðalskipulagi Mýrdalshrepps.	10
Tafla 4	Skilmálatafla - Deiliskipulags Austurhlutans í Vík.....	12

1 INNGANGUR

Gerð er heildarendurskoðun á deiliskipulagi austurhluta Víkur, íbúðar-, verslunar-, athafna- og iðnarsvæðis. Við endurskoðun þessa fellur fyrirbyggjandi deiliskipulag úr gildi og í staðin verður svæðinu skipt niður í nokkur minni deiliskipulög. Greinagerð þessi fjallar um eitt af þessum nýju deiliskipulögum þ.e. deiliskipulag aðal verslunar- og þjónustusvæðisins í Vík sem gengur í daglegu tali undir nafninu Austurhlutinn og heitir nýja deiliskipulagið því einfaldlega deiliskipulag Austurhlutans í Vík. Tilgangur þessarar heildarendurskoðun er að skipta deiliskipulagssvæðinu upp eftir landnotkunarflokkum og um leið einfalda skipulögin þannig að hvert deiliskipulag nái að mestu til svæðis með einn til tvo landnotkunarflokk.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir Austurhlutann. Svæðið er innan þéttbýlismarka og er skilgreint sem verslun og þjónusta (VP10) og miðsvæði (M6 og M7) í aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033.

Ekki er gert ráð fyrir neinum framkvæmdum eða mannvirkjum sem falla undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

1.1 Afmörkun og aðkoma

Skipulagssvæðið er um 10 ha að stærð og er staðsett nokkuð miðsvæðis í Vík og liggur sitt hvoru megin við núverandi hringveg (sem ber nafnið Austurvegur á þessum kafla). Innan skipulagssvæðisins eru göturnar Austurvegur, Smiðjuvegur og Sléttuvegur. Norðan skipulagssvæðisins liggur íbúðarsvæði og tjaldsvæði Víkur og til austurs er iðnaðarsvæði. Sunnan skipulagssvæðisins er opið svæði og strandsvæði og loks er íbúðarsvæðið *Undir skeri* til vesturs.



Mynd 1 Deiliskipulagssvæðið.




1.2 Viðfangsefni, markmið og skipulagsgögn

Meginmarkmið skipulagsins er að skilgreina skipulag lóða fyrir verslun og þjónustu samkvæmt áætlunum gildandi aðalskipulags. Á lóðunum eru nú þegar verslunar- og þjónustubyggingar. Vík hefur lengi verið verslunar- og þjónustukjarni fyrir nærsveitir og með fjölgun íbúa og ferðamanna í Vík undanfarinn áratug hefur verslun og þjónusta á svæðinu aukist enn frekar og mun áfram fjölga með enn frekari vexti og uppbyggingu ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.

Deiliskipulagið er sett fram á uppdrætti í mælikvarða 1:1500 og í greinargerð þessari.

2 FORSENDUR



Mynd 1 Mannfjöldi í Vík frá 1. janúar 1998 - 1 janúar 2024

2.1 Íbúapróun


Mikil fólksfjölgun hefur átt sér stað í Vík í Mýrdal undanfarin áratug en mikil aukning ferðamanna skýrir þessa miklu fólksaukningu í bænum. Í byrjun árs 2024 var íbúafjöldi alls 881 í Mýrdalshrepp en þar af eru 639 þeirra búsettir í Vík. Á síðustu 10 árum hefur íbúum í Vík því fjölgað um tæplega 50%. Mynd 1 sýnir íbúapróunina frá 1998 – 2024.

2.2 Staðhættir og veðurfar

Landið sem skipulagssvæðið nær til er fremur slétt (0-5%) og er uppgróinn sandur. Ríkjandi vindátt er norðaustur en einnig geta komið nokkuð kröftugir vindar úr vestri. Vík er ein hlýjasti staður landsins árið í heild og á vinninginn yfir hlýjstu sumrin. Mjög úrkomusamt er hins vegar einnig í Vík.¹

2.3 Minjar

Í Mýrdalshreppi hefur farið fram skráning fornminja í þéttbýlinu í Vík (Katrín Gunnarsdóttir, 2004). Samkvæmt skráningunni eru engar minjar á deiliskipulagssvæðinu.



Mynd 2. Vindrós fyrir Vík í Mýrdal, (Veðurstofa Íslands 2024).

¹ Trausti Jónsson. (2007). Vík í mýrdal. Sótt 21.11.2024 af: <https://www.vedur.is/vedur/frodleikur/greinar/nr/1035> Veðurstofa Íslands. Reykjavík

2.4 Náttúruvá

Í Mýrdalshreppi gæti náttúruvá m.a. vegna eldsumbrota, hlaupa, landbrots og sjávarflóða á láglandi vegna nálægðar við sjó samkvæmt aðalskipulagi Mýrdalshrepps.


Hvað náttúruvá varðar s.s. eldvirkni, vatnsflóð eða jökulhlaup er bent á viðvörunarkerfi Veðurstofu Íslands og viðbragðsáætlun Almanna- og borgarinnar.

2.5 Náttúrufar

Samkvæmt Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) í kortavefsjá um Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Ísland er svæðið aðalega flokkað sem þéttbýli og annað manngert land.

2.6 Jarðvegur

Samkvæmt jarðvegskortum einkennist svæðið helst af brúnjörð og mögulega smá bergjörð².



Mynd 3 Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033 - hluti þéttbýlisuppráttar sem sýnir deiliskipulagssvæðið

2.7 Tengsl við aðrar áætlanir

2.7.1 Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033

Um **verslunar og þjónustusvæði** (VP) segir í skipulagsreglugerð:

„Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótelum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum.“

² Ólafus Arnalds, Hlynur Óskarsson o.fl. Landbúnaðarháskóli Íslands. Sótt 18.11.2024 af: <https://www.moldin.net>



Í þéttbýli Víkur eru skilgreind þrettán verslunar- og þjónustuvæði. Í töflunni hér að neðan má sjá þær upplýsingar sem koma fram í Aðalskipulagi Mýrdalshrepps um VP10.

Tafla 1 Verslunar- og þjónustuvæði VP10 í Vík, úr gildandi aðalskipulagi Mýrdalshrepps

Nr.	Heiti	Lýsing og skilmálar	Fjöldi gistirúma:	Stærð (ha)
VP10	Austurvegur 16-20	Á lóðunum skal einkum gera ráð fyrir blandaðri starfsemi menningar, verslunar og þjónustu, s.s. verslunum, veitingum, eldsneytissölu o.fl. Innan lóðarinnar í dag er m.a. Víkurskáli og veitingastaðurinn Ströndin. Hámarks byggingarmagn er 8700 m ² .	0	3,4

Um **Miðsvæði (M)** segir í skipulagsreglugerð:

Svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnáslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.

Í Vík eru skilgreind sex miðsvæði. Í töflunni hér að neðan má sjá þær upplýsingar sem koma fram í Aðalskipulagi Mýrdalshrepps um M6 og M7.

Tafla 2. Miðsvæði M6 og M7 í Vík, úr gildandi aðalskipulagi Mýrdalshrepps.

Nr.	Nafn	Lýsing og skilmálar	Fjöldi gistirúma	Stærð (ha)
M6	Sléttuvegur 2-8	Á lóðunum skal einkum gera ráð fyrir blandaðri starfsemi verslunar, þjónustu og menningar, s.s. verslun, veitingum í flokki I-II, gistiheimilum í flokki II-IV, o.fl. Íbúðir heimilar. Hámarks byggingarmagn er 4500 m ² .	150	1,5
M7	Sléttuvegur 10 og Austurvegur 15	Gert ráð fyrir blandaðri starfsemi þar sem tengist ferðaþjónustu svo sem starfsmannaíbúðir. Hámarks byggingarmagn er 1500 m ² .	0	0,5

Í Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033 er hluti deiliskipulagssvæðisins skilgreint sem Iðnaðarsvæði I2 um **Iðnaðarsvæði** stendur í gildandi aðalskipulagi:

„Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpadælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.“

Almenn ákvæði um iðnaðarsvæði í aðalskipulaginu eru: Gólfkóti bygginga í þéttbýlinu skal að lágmarki vera 4,7 m.y.s í ISN93. Framboð athafna- og iðnaðarsvæða innan þéttbýlisins í Vík mæti eftirspurn á skipulagstímabilinu. Áhersla er lögð á að umgengni verði til fyrirmyndar og umhverfi snyrtilegt á athafna- og iðnaðarsvæðum. Fyrirkomulag á sorpmóttökusvæðum verði til fyrirmyndar og flokkun úrgangs auðveld og aðgengileg.



Tafla 3 . Iðnaðarsvæði 12 í Vík, úr gildandi aðalskipulagi Mýrdalshrepps.

Nr.	Nafn	Stærð (ha)	Núverandi byggingarmagn m ²	Hámarks byggingarmagn m ²
12	Sunnan Hringvegur	6	700	18.000

2.7.2 Deiliskipulag á aðliggjandi svæðum

Í gildi er Deiliskipulag austurhluta Víkur, íbúðar-, verslunar-, athafna- og iðnaðarsvæði sem samþykkt var 15.09.2016. Samhliða þessari breytingu er gerð óverulegbreyting á skipulagsmörkum þess deiliskipulags. Það deiliskipulag fellur úr gildi við samþykkt þessa deiliskipulags.

2.7.3 Reglugerðir

Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit 550/2018

Markmið reglugerðar er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengdu umhverfi. Jafnframt er markmið reglugerðarinnar að koma í veg fyrir eða draga úr losun út í andrúmsloft, vatn og jarðveg og að koma í veg fyrir myndun úrgangs í því skyni að vernda umhverfið.

Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda 33/2004

Reglugerð um fráveitu og skólps 798/1999

Markmið reglugerðar er að vernda almenning og umhverfið, einkum vatn og umhverfi þess, gegn mengun af völdum skólps. Einnig er það markmið að koma á samræmdri og kerfisbundinni söfnun, meðhöndlun og hreinsun skólps frá íbúðarbyggð, svo og hreinsun skólps frá tilteknum atvinnurekstri.



3 DEILISKIPULAG

Í almennum skilmálum koma fram þær kvaðir og skilmálar sem gilda fyrir skipulagssvæðið í heild sinni.

3.1 Lóðir

Í þessu deiliskipulagi eru fjórar gerðir af lóðum þ.e. verslunar- og þjónustulóðir, miðsvæðislóðir, athafnalóðir og iðnaðarlóðir.

3.1.1 Verslunar- og þjónustulóðir

Á verslunar- og þjónustulóðum er gert ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótelum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum. Íbúðir eru ekki heimilar á verslunar- og þjónustusvæðum innan deiliskipulagssvæðisins.

3.1.2 Miðsvæði

Hluti deiliskipulagssvæðisins er skilgreint sem miðsvæði þar. Áhersla lögð á að innan miðsvæða þrífist fjölbreytt starfsemi sem eflir líf og tengingu við íbúðarbyggð með öruggu flæði ólíkra umferðarmáta. Á miðsvæðum sé ásýnd og frágangur til fyrirmyndar og lögð áhersla á umhverfisleg gæði í hönnun og góðar og öruggar tengingar við önnur svæði. Aðgengi fyrir alla skal haft að leiðarljósi, og vistvænum samgöngumátum gert hátt undir höfði og öryggi þeirra sett í forgang. Settar eru takmarkanir á fjölda og stærð nýrra veitingastaða með það að markmiði að standa vörð um það fíngerða byggðamynstur og þjónustu sem þegar finnst í Vík. Gera skal grein fyrir nýjum veitingastöðum og þjónustumiðstöðvum og meta skal þörf fyrir þjónustuna og áhrif hennar á þá þjónustu sem þegar er í boði í þorpinu. Almennt verði nýir veitingastaðir á miðsvæðum ekki stærri en 200 m² (brúttó). Gera skal grein fyrir nýjum veitingastöðum og þjónustumiðstöðvum sem eru stærri en 200 m² (brúttó) í deiliskipulagi og skal meta þörf fyrir þjónustuna og áhrif hennar á þá þjónustu sem þegar er í boði í þorpinu.

3.1.3 Athafnalóðir

Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaíðnaður.

3.1.4 Iðnaðarlóðir

Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.



3.2 Byggingarreitir

Í deiliskipulaginu eru skilgreindir fjórar gerðir af byggingarreitum þ.e. B1 fyrir byggingar, B2 fyrir veitumannvirki, B3 fyrir eldsneytisbúnað og B4 fyrir hraðhleðslustöðvar.

Almennir skilmálar

- Öll mannvirki skulu vera innan skilgreinds byggingarreits.
- Byggingar verði að hámarki 2 hæðir og mænishæð að hámarki 7 m og skulu byggðar á steiptum grunni með steyptri botnplötu til þess að falla að núverandi byggðamynstri í Vík.
- Áhersla skal lögð á hagkvæma nýtingu lóða og vandaða ásýnd bygginga og lóðafrágang.
- Hús skulu byggð á steiptum grunni með steyptri botnplötu.
- Til að skapa heildstætt yfirbragð á hverfinu skal samræma efnis og litarval bygginga og er það háð samþykki skipulags- og umhverfisráðs.
- Uppsetning hraðhleðslustöðvar er háð samþykki skipulags- og umhverfisráðs.
- Hraðhleðslustöðvar skulu vera innan byggingarreita sem ætlaðir eru fyrir hraðhleðslustöðvar.
-
- Gólfkóti bygginga í þéttbýlinu skal að lágmarki vera 4,7 m.y.s í ISN93.

Tafla 4 Skilmálatafla - Deiliskipulags Austurhlutans í Vík

Skilmálatafla – deiliskipulag austurhluta Víkur							
Lóð	Stærð skv. eldra deiliskip. m ²	Ný lóðarstærð m ²	Þegar byggð hús m ²	Hám. byggingarm . m ²	Lágm. byggingarm m ²	Hámarks hæð húsa í m	Athugasemd
Smiðjuvegur 6	5380	5379	498	1800	498	7	
Smiðjuvegur 7	2212	2917	1023	1200	875	7	
Smiðjuvegur 8	4007	4420	-	1459	1326	7	óbyggð lóð
Smiðjuvegur 9	2820	2860	624	2000	624	7	
Smiðjuvegur 10	6489	6459	120	1938	120	7	áður var lóð 12
Smiðjuvegur 11	2245	2259	-	1500	675	7	
Austurvegur 16	4860	4779	450	1469	450	7	
Austurvegur 18	7841	7609	550	2342	1902	7	
Austurvegur 20	12755	15887	4580	4889	4580	7	
Sléttuvegur 2	2295	2831	1094	1331	1094	7	
Sléttuvegur 4	1946	2174	924	1022	924	7	
Sléttuvegur 6	1819	1906	862	896	862	7	
Sléttuvegur 8	2270	2646	862	1244	862	7	
Sléttuvegur 10	2756	2469	466	1186	466	7	
Sléttuvegur 12	7444	8172	3080	3200	3080	7	



3.2.1 Byggingarreitur B1 fyrir byggingar

Skilgreindir eru byggingarreitir fyrir byggingar og má sjá nánar í skilmála töflu byggingarmagn innan hvefrrar lóðar.

3.2.2 Byggingarreitur B2 fyrir veitumannvirki

B2 er byggingarreitur fyrir veitumannvirki og skulu þau vera staðsett innan hans.

3.2.3 Byggingarreitur B3 fyrir eldsneytisbúnað

Eldsneytisbúnaðar skal vera innan byggingarreits B3.

3.2.4 Byggingarreitur B4 fyrir hraðhleðslustöðvar

Hraðhleðslustöðvar skulu aðeins vera innan byggingarreits B4. Hleðslustöð er þar sem mögulegt er að yfirfæra raforku á rafknúid ökutæki með afli sem er meira en 22kW (HMS:2024). Uppsetning hraðhleðslustöðvar er háð samþykki skipulags- og umhverfisráðs. Leyfilegt er að hafa spennistöðvar og annan búnað sem tengjast hraðhleðslustöðvum innan byggingarreits B4.

3.3 Lóðafrágangur og gróður

Gróður á svæðinu skal miðast að því að mynda skjól og rýmismyndun.

3.4 Göngustígar / gangstéttir

Gangstéttir skulu liggja beggja vegna gatna til þess að tryggja eins og kostur er gott aðgengi gangandi um hverfið.

3.5 Hjólastígar

Hjólastígar skulu að jafnaði vera 2,5 m eða breiðari. Hjólastígar eru merktir með máluðu hjólamerki eftir öll gatnamót og inngríp til dæmis þar sem göngustígar koma þvert á hjólastígin. Hjólamerki þarf einnig að setja á um 150 m fresti eftir aðstæðum.

3.6 Reiðhjólástæði

Gera skal ráð fyrir reiðhjólástæðum með góðu aðgengi við megin aðkomu helstu mannvirkja og stofnana innan lóða.

3.7 Bílastæði

Bílastæði skulu almennt vera í samræmi við byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Bílastæði fyrir hreyfihamlaða skulu vera í samræmi við leiðbeiningar Mannvirkjastofu. Á veitingastöðum þarf að gera þarf ráð fyrir 1 bílastæði á hverja þrjá gesti skv. gildandi rekstrarleyfi. Á gististöðum með 20 eða færri



gistirými skal að lágmarki vera 1 bílastæði fyrir hvert gistirými. Á gististöðum með fleiri en 20 gistirými skal að lágmarki vera 0,8 bílastæði fyrir hvert gistirými og eitt rútustæði fyrir hver 20 gistirými. Fyrir hverja 35 m² verslunar skal að lágmarki gera ráð fyrir einu bílastæði.

3.8 Sorp

Meðhöndlun sorps á deiliskipulagssvæðinu skal fylgja stefnu Mýrdalshrepps í sorpmálum og gildandi reglum og samþykktum varðandi meðhöndlun úrgangs. Gera skal fyrir flokkun sorps og huga skal að möguleikum á aukinni flokkun. Huga þarf vel að frágangi á sorpgeymslum þannig að hægt sé að mæta nýjum óskum og kröfum varðandi sorphirðu. Sorpgeymslur skulu staðsettar innan lóðarmarka. Sorpgeymslur/djúpgámar geta ýmist verið innbyggður hluti mannvirkis eða stakstæð. Sorpgeymslur skal hanna sem hluta af heildarmynd umhverfis og bygginga hvort sem um er að ræða geymslu sem er áföst byggingum eða á lóð og skal gera grein fyrir þeim á aðaluppdráttum og lóðauppdráttum. Flatarmál sorpgeymslna reiknast ekki til smáhýsa.

3.9 Skilti

Sækja skal um leyfi til sveitarfélagsins fyrir uppsetningu allra skilta innan sveitarfélagsins. Skilti utan á húsum eða stakstæð á lóðum eru leyfisskyld og skal sækja um leyfi fyrir uppsetningu þeirra til sveitarfélagsins. Skilti eða skiltaturnar skulu almennt staðsettir innan lóða og í samræmi við skilmála byggingarreglugerðar nr.112/2012 kafla 2.5. Skilti mega vera staðsett á hverri húshlið en ekki ná upp fyrir þak. Almennt er hámarksstærð skilta 8 m² á hverri húshlið. Heimilt er að setja skilti stakstætt á lóð. Í slíku tilfalli skal staðsetning og útlit þess sett fram á aðaluppdrætti hússins. Stærð skilta er að hámarki 8 m² og skal áletrun og framsetning skilta tengjast starfsemi viðkomandi húss. Ekki er heimilt að vera með veltiskilti né skjái, svo sem LED skilti.

3.10 Sérskilmálar

Í sérskilmálum koma fram þær heimildir, kvaðir og tilmæli sem gilda fyrir hverja lóð og leyfileg uppbygging innan hvers byggingarreits. Auk þess er fjallað sérstaklega um landfyllingu.

4 UMHVERFISÁHRIF

Umhverfisáhrif skipulagsins eru óveruleg þar sem svæðið er að miklu leyti þegar byggt og er á þegar röskuðu landi. Skipulagstillagan hefur jákvæð áhrif á samfélagið þar sem verið er að endurskipuleggja svæðið og gera hvert deiliskipulag hnitmiðaðra og einfaldara og þannig aðgengilegra fyrir almenning og hagsmunaaðila. Skipulagið er jákvætt fyrir sveitafélagið þar sem það veitir betri yfirsýn yfir skipulag byggðarinnar og einstakra svæða/lóða.



5 SAMRÁÐ OG KYNNING

Deiliskipulagstillagan verður auglýst í blöðum og aðgengileg á heimasíðu Mýrdalshrepps auk þess að vera til sýnis á auglýsingatíma á skrifstofu sveitarfélagsins, Austurvegi 17, Vík.

Helstu opinberu umsagnaraðilar:

- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Rarik
- Slökkvilið Mýrdalshrepps
- Vegagerðin
- Ferðamálastofa



6 HEIMILDASKRÁ

AðalskipulagMýrdalshrepps 2021-2033.

HMS, (2024), Rafbílar <https://hms.is/fraedsla/rafmagnsoryggi--fraedsla/rafbilar/hugtok>

Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda 33/2004

Hagstofa Íslands, (2024), Mannfjöldi, <https://hagstofa.is/>

Katrín Gunnarsdóttir. (2004). Fornleifaskráning í Vík í Mýrdal. Norður – Vík/ SuðurVík

Ólafus Arnalds, Hlynur Óskarsson o.fl. Landbúnaðarháskóli Íslands. Sótt 14.11.2024 af: <https://www.moldin.net>

Umhverfisstofnun (2022), Vatnaáætlun Íslands 2022-2027

Veðurstofa Íslands, (2024), Vindatlas, <https://vindatlas.vedur.is/>

Vegagerðin (2022). Víkurfjara hörfar í vetrarstormum. Sótt 14.11.2024 af: <https://www.vegagerdin.is/vegagerdin/starfsemi/frettir/vikurfjara-horfar-i-vetrarstormum>